

Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi 2022-2024



Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi:

Skýrsla þessi er unnin á grunni samnings RML og Atvinnuvegaráðuneytis um afkomuvöktun og ráðgjöf í búrekstri 2025-2026.

Óheimilt er að afrita skýrsluna á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Reykjavík, Ísland, 2026

Starfshópur:

Sigurður Guðmundsson, verkefnisstjóri

Ívar Ragnarsson

Helgi Jóhannesson

María Svanþrúður Jónsdóttir

Efnisyfirlit

Bls.

1 Samantekt.....	3
2 Verkefnið.....	3
2.1 Um verkefnið.....	3
2.2 Um þátttakendur.....	4
2.3 Upplýsingar og gögn.....	4
3 Greining á rekstri framleiðenda rôtargrænmetis (kartöflur, rófur, gulrætur).....	5
3.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 1):.....	5
3.2 Tekjugreining (tafla 2):.....	6
3.3 Breytilegur kostnaður (tafla 3):.....	6
3.4 Fastur kostnaður (tafla 4):.....	6
3.5 Rekstrartölur - greining (tafla 5):.....	7
3.6 Krónur á hektara - greining (tafla 6):.....	7
4 Greining á rekstri hjá ylræktarframleiðendum (tómatar, agúrkur, paprika).....	8
4.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 7):.....	8
4.2 Tekjugreining (tafla 8):.....	8
4.3 Breytilegur kostnaður (tafla 9):.....	8
4.4 Fastur kostnaður (tafla 10):.....	9
4.5 Rekstrartölur - greining (tafla 11):.....	9
4.6 Krónur á fermetra - greining (tafla 12):.....	9
5 Greining á rekstri (blóm, salat o.fl.).....	10
5.1 Rekstrartölur (tafla 13):.....	10
5.2 Krónur á fermetra - greining (tafla 14):.....	10
6 Greining á ylrækt í heild sinni.....	11
6.1 Ylræktin heild – kr./m ² (tafla 15):.....	11
7 Garðyrkjan í heild – þróun afkomu.....	12
7.1 Garðyrkjan í heild (tafla 16):.....	12
8 Niðurstaða og næstu skref.....	13

1 Samantekt

Skýrsla þessi er byggð á verkefninu „Rekstrargreining garðyrkjunnar á Íslandi“ sem hefur verið í gangi undanfarin ár. Unnið er með raungögn frá framleiðendum sem njóta um 90% stuðningsgreiðslna í garðyrkjunni.

Þó hér sé verið að fjalla um og vinna með gagnasafn sem inniheldur þetta stóran hluta garðyrkjunnar er rétt að hafa þann fyrirvara að töluverður eðlismunur er á rekstri hvort um er að ræða ylrækt eða ræktun rótargrænmetis. Það eru ákveðnir þættir sem rétt er að nefna almennt um árið 2024.

- Afkoma er lakari að meðaltali í ylræktinni en betri í rótargrænmeti.
- Breytilegur og fastur kostnaður á einingu hvort sem horft er á kíló eða flatarmál hækkar.
- Framlegð afurðatekna hækkar almennt í greininni allri árið 2024.
- EBITDA sem hlutfall af veltu hækkar hjá kartöflubændum en lækkar í ylræktinni.
- Afkoma batnar í rótargrænmeti árið 2024 þrátt fyrir að ekki sé um sprettgreiðslur að ræða og uppskera sé minni.
- Afkoma í ylræktinni er lakari árið 2024 hjá þeim búum sem mynda það meðaltal sem unnið er með og þá ekki síst vegna hækkunar á föstum kostnaði og þá ekki síst launum. Einnig munar um að opinberar greiðslur eru lægri þar sem ekki er um sprettgreiðslur að ræða árið 2024. Meðaltal segir þó ekki alla söguna þar sem breytileikinn er mjög mikil.
- Ekki er farið í djúpa greiningu á annarri tegund ylræktar þ.e. blóm, salat o.fl. en þó ljóst að afkoman árið 2024 er lakari að meðaltali en árið áður.
- Garðyrkjan í heild sinni skilar verri niðurstöðu árið 2024 en árið 2023.

2 Verkefnið

2.1 Um verkefnið

Verkefnið sem þessi skýrsla byggir á er framhald verkefna sem unnin hafa verið af RML á síðustu þremur árum þar sem leitast var við að varpa ljósi á rekstrarafkomu í garðyrkju á Íslandi á árunum frá 2019. Í þessari skýrslu er mest unnið með árin 2022-2024.

Aflað var upplýsinga frá einstökum framleiðendum garðyrkjuafurða með það að markmiði að átta sig betur á rekstri helstu framleiðslugreina íslenskrar garðyrkju. Í upphafi árs 2025 var gerður samningur við Atvinnuvegaráðuneytið um fjármögnun á öllum afkomuvöktunarverkefnum RML árin 2025 og 2026.

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra starfsmanna RML: Sigurður er verkefnisstjóri, Ívar sá um söfnun og greiningu gagna, úrvinnslu í Excel, skýrslugerð o.fl., Helgi og Sigurður komu að gagnasöfnun, samskiptum við framleiðendur, ráðgjöf, yfirllestur o.fl. María Svanþrúður kom að ráðgjöf og yfirllestri.

Áfram var unnið með rekstrar upplýsingar frá virkum þátttakendum og almennt eru undirtektir jákvæðar og framleiðendur áhugasamir varðandi það að nálgast stöðu greinarinnar sem og það að fá möguleika á því að bera sig saman við heildina.

Í verkefninu er leitast við að ná sem raunhæfastri heildarmynd á garðyrkjuna og allar helstu greinar hennar þ.e. rôtargrænmeti (kartöflur, rófur, gulrætur), ylrækt (tómata, agúrkur, papriku) sem og aðra ræktun (blóm, salat, kryddjurtir ofl.) með það að markmiði að hafa eins góða yfirsýn á garðyrkjuna og kostur er.

Lögð er áhersla á að fá sem best bókhaldsgögn svo hægt sé að greina nánar einstaka rekstrarþætti.

2.2 Um þátttakendur

Virkir þátttakendur í verkefninu eru um 30 bú/framleiðendur ásamt því að unnið er með ársreikninga og opinberar tölur frá u.þ.b. 20 framleiðendum til viðbótar þannig að í heildina eru nú gögn frá um 50 aðilum í gagnasafninu. Til þess að samanburður milli ára sé sem bestur er í úrvinnslu og greiningum að mestu unnið með þau bú sem tölur fást frá öll árin. Þessi bú eru mjög breytileg að samsetningu, en af þeim eru um 16 nánast eingöngu í ræktun rôtargrænmetis (kartöflur, gulrófur, gulrætur), 19 í ylrækt (tómatar, agúrkur og paprika) og 10 í öðru (blóm, salat o.fl.).

Þessi mikli breytileiki sem er í frekar litlu gagnasafni gerir það að verkum að tölfræðileg greining á því er nokkuð erfið og vandmeðfarin en hins vegar eru þar ýmsar vísbendingar sem vert er að rýna nánar.

Hver virkur þátttakandi í verkefninu fær ákveðna greiningu á sinni stöðu og þróun yfir síðustu 4 ár. Einnig fá þátttakendur að sjá hvernig þeir standa miðað við meðaltal úrtaksins eins og kostur er án þess þó að greinanlegt sé niður á einstaka framleiðendur.

Í skýrslunni eru birtar þær niðurstöður sem þegar hafa fengist úr þessu verkefni.

2.3 Upplýsingar og gögn

Þau gögn sem unnið er með í greiningu og skýrslugerð eru fengin með leyfi framleiðenda eftir því sem við á sem og úr opinberum gögnum.

- Gögn eru fengin úr Jörð.is varðandi hektara í garðrækt, fermetra í gróðurhúsum, uppskeru á kartöflum, gulrófum og gulrótum o.fl.
- Upplýsingar úr Afurð.is varðandi magn uppskeru í ylrækt og beingreiðslur sem og jarðræktar- og landgreiðslustyrki.
- Upplýsingar fengnar úr ársreikningum og skýringum með þeim, landbúnaðarframtölum, bókhaldsgögnum o.fl. í samvinnu við framleiðendur
- Gögn fengin úr ársreikningum fyrirtækja í garðyrkju sem aðgengilegir eru á vef RSK.
- Upplýsingar af Mælaborði landbúnaðarins.
- Upplýsingar úr fasteignaskrá HMS.

Sá hópur framleiðenda sem samþykkti að taka þátt í verkefninu er áhugasamur og hefur gengið þokkalega að fá þau gögn sem nauðsynleg eru til að gæði greininga séu ásættanleg.

- Möguleikar til samanburðargreininga hjá framleiðendum rótargrænmetis er góður þar sem sá hópur er nokkuð stór og gögn komin frá nánast öllum þátttakendum.
- Ákveðin vandkvæði eru á því að fá upplýsingar um selt magn rótarávaxta þannig að ekki er hægt að mæla rýrnun frá uppskeru til sölu. Unnið er með í greiningum að sú rýrnun sé 20% þangað til fundin verður leið til að fá nákvæmari upplýsingar um selt magn hjá hverjum og einum. Ekkert er samt því til fyrirstöðu þegar kynntar verða niðurstöður fyrir hverjum og einum framleiðanda að nota aðra rýrnunarprósentu ef hún er þekkt hjá viðkomandi.
- Mikill fengur væri í því að til væru aðgengilegar upplýsingar um selt magn af rótarávöxtum sambærilegt og er til staðar í garðyrkjuafurðum sem njóta beingreiðslna og myndi það gera greiningu enn betri og þá ekki síst gagnvart hverjum framleiðanda.
- Nú eins og á síðasta ári er í meira mæli horft á niðurstöður og tölur niður á flatarmálseiningu þ.e. tekjur og kostnaður reiknaður niður á hektara í útirækt og fermetra í ylræktinni.
- Unnið er sérstaklega með þann hluta ylræktarinnar sem var skoðaður í fyrra verkefni þ.e. tómata, gúrkur og papriku sem eina heild og ekki gerður greinarmunur á tegundum þar sem framleiðendur eru þetta fáir. Hafa verður það í huga þegar er skoðaður t.d. samanburður á meðalkostnaði á kg.
- Það að vinna greiningu og samanburð í ylræktinni niður á flatarmálseiningu (m²) opnar þann möguleika að horfa á ákveðnar tölur/stærðir og niðurstöður þvert á tegundir. Í skýrslunni er þeim greiningum gerð skil og ylræktin í heild sinni þá undir.
- Í gagnasafninu eru nú gögn frá framleiðendum sem samanlagt njóta u.þ.b. 90% þeirra opinberu stuðningsgreiðslna sem garðyrkjan fær. Það gerir okkur kleift að sýna tölur um heildarþróun greinarinnar yfir þetta árabíl ef horft er á ákveðnar lykiltölur.

3 Greining á rekstri framleiðenda rótargrænmetis (kartöflur, rófur, gulrætur)

Hér á eftir verður leitast við að skoða niðurstöður í hverjum lið fyrir sig sbr. fylgiskjal 1. Horft er á meðaltal hvers árs og breytingu í prósentum á þessum þremur árum. Þar sem að 2 bú af þeim sem áður voru í samtölum hafa hætt rekstri eða sameinast öðrum þá er nú unnið með þau 16 sem eru öll 3 árin sem birt eru í skýrslunni til þess að gæta samræmis.

3.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 1):

	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Samtölur Bús							
Uppskeyra samtals skráð í Jörð kg.	388.670	16	400.736	16	311.460	16	-22%
Uppskornir hektarar (ha)	21	16	22	16	21	16	-7%
Uppskeyra skráð í jörð kg/ha	19.796	16	19.586	16	15.788	16	-19%
Seldar garðyrkjuafurðir samtals kg.	310.936	16	320.588	16	249.168	16	-22%
Seldar afurðir kg/ha)	15.837	16	15.669	16	12.631	16	-19%

Þegar rýnt er í helstu tölur varðandi uppskeru þá sést að uppskornir eru að meðaltali um 21 hektarar á hverju búi. Meðaluppskera á bú sveiflast nokkuð milli ára og er minnst 2024 og minnkar um 22% milli ára. Meðaluppskera á hektara minnkar einnig 2024 eða um 7%. Eins og áður hefur komið fram er unnið með tæplega 20% rýrnun frá uppskeru til sölu og alls ekki er

víst að það sé raunin hjá öllum framleiðendum en þegar heildin er skoðuð og þróun heilt yfir ætti það ekki að koma að sök.

3.2 Tekjugreining (tafla 2):

Tekjur	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Afurðatekjur alls	53.771.355	16	66.203.756	16	71.473.306	16	8%
Afurðatekjur kr/kg seld	195	16	233	16	387	16	66%
Seldar afurðir kr/ha	3.359.080	16	4.087.203	16	4.915.153	16	20%
Opinberar greiðslur alls	6.982.027	16	3.397.385	16	3.730.585	16	10%
Opinberar greiðslur, kr/kg	26,9	16	10,6	16	16,6	16	56%
Aðrar tekjur alls	5.052.540	12	4.087.478	12	7.810.769	12	91%
Samtals heildartekjur, kr.	64.532.506	16	72.671.000	16	81.060.468	16	12%

Afurðatekjur alls hækka á þessu 3ja ára tímabili um 33% og á milli árana 2023 og 2024 um 8%. Afurðatekjur mælt í kr./kg hækka mikið eða um 66% milli þessara sömu ára. Ef horft er á afurðatekjur í kr. á uppskorinn hektara þá hækka þær um 20% milli 2023 og 2024. Hafa ber í huga að uppskera hvers árs er að hluta til seld árið eftir þ.e. þær birgðir sem til eru um áramót og getur þetta skekkt töluvert mælinguna í krónum á einingu. Því er upplýsandi að horfa einnig á árábil o.s.fv. Opinberar greiðslur hækka mikið 2022 og eru að meðaltali tæpar 7 milljónir kr. á framleiðanda það ár af breyttum áherslum í stuðningi við garðyrkju sem m.a. fólst í mikilli hækkun á jarðræktargreiðslum (breyttum úthlutunarreglum) og svo „sprettgreiðslum“ árið 2022. Stuðningurinn lækkar síðan aftur 2023 þar sem ekki er um sprettgreiðslur að ræða. Aðrar tekjur hækka nokkuð 2024 sem m.a. geta verið söluhagnaður, leigutekjur, þjónusta o.fl.

3.3 Breytilegur kostnaður (tafla 3):

Breytilegur kostnaður	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Áburður og sáðvörur, kr/kg	53,1	15	68,7	16	89,9	16	31%
Áburður, kr/kg	18,4	11	17,8	10	20,6	12	16%
Rekstur búvéla, kr/kg	8,6	13	10,4	12	13,4	12	29%
Rekstrarvörur, kr/kg	13,4	13	18,3	14	23,7	14	29%
Aðkeypt þjónusta (söluk, flutn o.fl), kr/kg	21,1	14	24,9	13	38,9	14	56%
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg seld	86,1	16	112,7	16	154,7	16	37%
Breytilegur kostnaður alls	23.070.564	16	27.415.097	16	27.512.437	16	0%

Í töflu 3. kemur fram greining á breytilegum kostnaði á einingu eftir árum. Breytilegur kostnaður alls kr./kg. hækkar töluvert á þessum árum og um 37% á milli 2023 og 2024. Hafa ber í huga að magnið er umtalsvert minna 2024 þannig að kostnaðurinn sem er nánast hinn sami í kr. dreifist á mun færri kg.

Hér er breytileikinn hjá þátttökubúum nokkuð mikill en meðaltalið segir samt sína sögu.

3.4 Fastur kostnaður (tafla 4):

Fastur kostnaður	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Tryggingar, kr/kg	2,3	9	2,7	10	4,0	12	44%
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	5,1	10	5,3	6	8,6	8	62%
Viðhald eigna, kr/kg	4,2	10	5,5	10	14,5	10	164%
Annar rekstrarkostnaður, kr/ kg	13,0	15	16,0	15	32,5	15	104%
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	51,6	15	52,4	15	75,5	15	44%
Fastur kostnaður samt. kr/kg	113,2	16	100,9	15	164,9	16	63%
Fastur kostnaður samt.	31.464.395	6 16	33.761.610	15	32.629.210	16	-3%

Fastur kostnaður í kr./kg. hækkar mikið 2024 og er um að ræða sömu skýringu í breytilegum kostnaði þ.e. mun færri kg. Fastur kostnaður í heild lækkar heldur eða um 3%. Erfitt er að leggja út af þessum tölum þar sem nokkuð er mismunandi hvernig bókhald er sundurgreint.

3.5 Rekstrartölur - greining (tafla 5):

Rekstrartölur	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Framlegð afurðatekna, kr/kg	109	16	120	16	233	16	93%
Framlegðarstig afurðatekna	56%	16	54%	16	61%	16	12%
Framlegð heildartekna, kr.	41.461.942	16	45.255.903	16	53.548.031	16	18%
Framlegðarstig heildartekna	64%	16	60%	16	66%	16	9%
EBIDTA samtals, kr.	19.449.661	16	21.509.818	16	27.946.951	16	30%
EBIDTA, hlutfall af veltu	32%	16	31%	16	37%	16	20%
Hagnaður/tap, kr.	7.918.308	16	11.367.906	16	19.200.469	16	69%

Í töflu 5. er um að ræða samantekt á rekstrartölum og í stuttu máli má segja að þróunin sé mjög jákvæð milli ára 2023 og 2024 á öllum mælikvörðum. Framlegð og framlegðarstig afurðatekna hækkar sem og EBIDTA. Hagnaður eykst töluvert milli 2023 og 2024 eða um 69%. Meðalhagnaður er um 19,2 millj. sem er sá hæsti á þessu 3ja ára tímabili. Árið 2024 verður því að teljast gott hjá framleiðendum rótargrænmetis þrátt fyrir minni framleiðslu.

3.6 Krónur á hektara - greining (tafla 6):

Krónur á flatarmálseiningu	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Afurðatekjur kr/ha	3.359.080	16	4.087.203	16	4.915.153	16	20%
Framlegð afurðatekna, kr/ha	1.764.616	16	1.838.954	16	2.749.546	16	50%
Opinberar greiðslur, kr/ha	476.706	16	153.591	16	179.267	16	17%
Áburður og sáðvörur, kr/ha	1.139.504	15	1.624.731	16	1.461.993	16	-10%
Þjónusta (sölu- og flutn o.fl) kr/ha	313.285	14	379.774	13	462.718	14	22%
Breytilegur kostnaður alls kr/ha	1.594.463	16	2.253.478	16	2.166.904	16	-4%
Laun og launatengd gjöld kr/ha	761.176	15	749.542	15	846.601	15	13%
Fastur kostnaður samt. kr/ha	1.910.368	16	1.450.585	15	1.967.264	16	36%
EBITDA samtals kr/ha	1.379.770	16	1.226.459	16	2.316.227	16	89%
Fjármagnsliðir kr/ha	142.618	16	240.425	16	326.643	16	36%

Í töflu 6. Er um að ræða samantekt á rekstrartölum reiknaðar niður á hektara sem er góð leið til að horfa á þróunina milli ára. Ekki síst þegar haft er í huga að meðaltalsfjöldi hektara á bú er nánast sá sami öll árin. Framlegð afurðatekna hækkar mikið milli ára 2023 og 2024 eða um 50%. Hvað framleiðslukostnaðinn varðar þá er nokkur lækkun í breytilegum kostnaði en hækkun í föstum kostnaði. Laun hækka sem og fjármagnskostnaður sem hækkar mikið 2024. Þessi greining sýnir það sama og sést í rekstrartölum þ.e. að árið 2024 var nokkuð gott.

4 Greining á rekstri hjá ylræktarframleiðendum (tómatar, agúrkur, paprika)

Hér á eftir verður leitast við að skoða niðurstöður í hverjum lið fyrir sig á sama hátt og í rótargrænmetinu. Horft er á meðaltal hvers árs og breytingu í prósentum á þessum þremur árum. Rétt er að taka fram að breytileiki er töluverður milli búa þannig að meðaltalstölur eru í sumum tilfellum nokkuð langt frá rauntölum einstakra framleiðenda. Það hamlar þó ekki því að nota þær til að skoða þróun og breytingar á heildina lítið.

4.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 7):

	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Samtölur Bús							
Seldar garðyrkjuafurðir samtals kg.	201.344	18	191.598	19	192.821	19	1%
Ylrækt m ² - undir ræktun	3.749	19	3.749	19	3.749	19	0%
Seldar afurðir kg/m ²	43	18	47	19	48	19	1%

Meðalframleiðsla/sala eykst lítillega milli 2023 og 2024 sem og seldar afurðir á hvern fermetra standa eða um 1%.

4.2 Tekjugreining (tafla 8):

	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Tekjur							
Afurðatekjur alls	127.786.613	18	134.023.819	19	142.550.762	19	6%
Afurðatekjur kr/kg seld	964	18	955	19	1.045	19	9%
Seldar afurðir kr/m ²	30.900	18	35.390	19	38.654	19	9%
Opinberar greiðslur alls	32.974.836	18	37.645.082	19	34.588.026	19	-8%
Opinberar greiðslur, kr/kg	245,0	18	237,9	19	217,1	19	-9%
Aðrar tekjur alls	58.218.904	13	79.285.776	12	113.476.447	11	43%
Samtals heildartekjur, kr.	202.009.652	18	221.744.128	19	242.835.678	19	10%

Afurðatekjur alls hækka um 6% á milli áranna 2023 og 2024 sem og afurðatekjur kr./kg. sem hækka um 9%. Opinberar greiðslur lækka um 8% milli ára og er aðalástæða þess sú að ekki var um neinar sprettgreiðslur að ræða árið 2024. Aðrar tekjur hækka mikið eða um 43% milli áranna 2023 og 2024 sem skýrist mest af ferðapjónustu, sem er töluverður tekjupóstur hjá hluta framleiðenda. Einnig er um að ræða leigutekjur, söluhagnað og verktakatekjur hjá sumum framleiðendum sem eru heldur meiri árið 2024 en áður. Heildartekjur hækka að meðaltali um 10% á milli áranna 2023 og 2024.

4.3 Breytilegur kostnaður (tafla 9):

	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Breytilegur kostnaður							
Áburður og sáðvörur, kr/kg	392,5	18	360,4	19	386,9	18	7%
Áburður, kr/kg	43,4	9	56,2	8	48,6	9	-13%
Rekstur búvéla, kr/kg	10,0	9	16,8	9	17,1	9	2%
Rekstrarvörur, kr/kg	152,9	11	132,7	12	183,2	12	38%
Aðkeypt þjónusta (söluk, flutn o.fl), kr/kg	91,9	10	113,8	11	110,3	12	-3%
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg seld	542,0	18	518,1	19	560,0	19	8%
Breytilegur kostnaður alls	68.607.294	18	73.463.248	19	75.551.453	19	3%

Í töflu 9. kemur fram greining á breytilegum kostnaði á einingu eftir árum. Breytilegur kostnaður alls í kr./kg. hækkar um 8% milli 2023 og 2024. Áburður og sáðvörur hækka um 7%

milli áranna 2023 og 2024. Mikil hækkun er síðan á rekstrarvörum á milli ára mælt í kr./kg. Breytilegi kostnaðurinn í heild hækkar þó ekki nema um 3% að meðaltali.

Hér er breytileikinn hjá þátttökubúum nokkur og einnig mismunandi milli framleiðenda hvernig einstakir kostnaðarliðir eru bókaðir en meðaltalið segir samt sína sögu.

4.4 Fastur kostnaður (tafla 10):

Fastur kostnaður	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Tryggingar, kr/kg	6,4	9	8,4	9	10,5	7	25%
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	192,6	10	220,6	10	229,7	11	4%
Viðhald eigna, kr/kg	8,9	8	15,3	8	25,0	7	63%
Annar rekstrarkostnaður, kr/ kg	167,5	16	230,9	17	208,9	17	-10%
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	596,0	17	514,2	18	599,6	18	17%
Fastur kostnaður samt. kr/kg	870,6	18	858,7	19	937,3	19	9%
Fastur kostnaður samt.	114.238.166	18	129.375.023	19	151.922.236	19	17%

Fastur kostnaður samtals í kr./kg hækkar heldur á milli árana 2023 og 2024 eða um 9%. Skýrist það fyrst og fremst með mikilli hækkun á launakostnaði milli ára. Hækkun er á öðrum liðum einnig að undanskildum öðrum rekstrarkostnaði sem lækkar. Fastur kostnaður samtals í kr. hækkar að meðaltali um 17%.

4.5 Rekstrartölur - greining (tafla 11):

Rekstrartölur	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Framlegð afurðatekna, kr/kg	436	18	450	19	499	19	11%
Framlegðarstig afurðatekna	44%	18	45%	19	48%	19	8%
Framlegð heildartekna, kr.	133.402.358	18	148.280.880	19	167.284.225	19	13%
Framlegðarstig heildartekna	62%	18	61%	19	64%	19	4%
EBITDA samtals, kr.	25.982.708	18	23.966.553	19	20.571.089	19	-14%
EBITDA, hlutfall af veltu	10%	18	9%	19	8%	19	-14%
Hagnaður/tap, kr.	15.532.172	18	13.295.812	19	8.513.619	19	-36%

Í töflu 11. er um að ræða samantekt á rekstrartölum. Á milli árana 2023 og 2024 er breytingin í grófum dráttum sú að framlegð og framlegðarstig afurðatekna sem og framlegð heildartekna hækkar. En EBITDA samtals sem og EBITDA hlutfall lækkar. Einnig lækkar meðaltalshagnaður mikið eða um 36%. Erfitt er að leggja of mikið út af þessum tölum en þó er ljóst að árið 2024 kom að meðaltali verr út en árið 2023. Mikill munur er þó á milli framleiðenda hvað varðar afkomu.

4.6 Krónur á fermetra - greining (tafla 12):

Krónur á flatarmálseiningu	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Afurðatekjur kr/m²	30.900	18	35.390	19	38.654	19	9%
Framlegð afurðatekna, kr/m²	15.199	18	17.592	19	20.469	19	16%
Opinberar greiðslur, kr/m²	7.876	18	9.377	19	8.447	19	-10%
Áburður og sáðvörur, kr/m²	10.099	18	11.008	19	10.774	18	-2%
Þjónusta (sölukostn. flutn o.fl) kr/m²	3.862	10	5.009	11	4.427	12	-12%
Breytilegur kostnaður alls kr/m²	15.967	18	18.085	19	18.454	19	2%
Laun og launatengd gjöld kr/m²	17.576	17	19.327	18	23.055	18	19%
Fastur kostnaður samt. kr/m²	28.338	18	33.815	19	40.048	19	18%
EBITDA samtals kr/m²	6.784	18	5.491	19	4.955	19	-10%
Fjármagnsliðir kr/m²	1.198	18	1.429	19	1.752	19	23%

Í töflu 12. er um að ræða samantekt á rekstrartölum reiknaðar niður á fermetra í gróðurhúsum sem er góð leið til að horfa á þróunina milli ára.

Eins og sést í töflunni þá eru 18-19 framleiðendur bak við meðaltalið á m² í hverjum þætti tekna og kostnaðar þannig að við erum að fá mjög góða yfirsýn yfir þróun þessi 3 ár.

EBITDA á hvern fermetra lækkar töluvert ár frá ári og um 10% milli 2023 og 2024 sem er ákveðið áhyggjuefni.

Hreinar afurðatekjur og framlegð hækka ár frá ári og milli árana 2023 og 2024 en opinberar greiðslur lækka þar sem ekki er um sprettgreiðslur (viðbót við beingreiðslur C) að ræða árið 2024 eins og áður hefur komið fram.

Breytilegur kostnaður hækkar lítið og sumir liðir lækka en fastur kostnaður og þá ekki síst laun hækka umtalsvert sem og fjármagnsliðir.

EBIDTA lækkar töluvert milli árana 2023 og 2024 horfandi á kr./m² sem stemmir við að afkoma að meðaltali versnar milli þeirra ára.

5 Greining á rekstri (blóm, salat o.fl.)

Hér er horft á meðaltalstölur úr rekstri þeirra 11 framleiðenda í ylraekt sem framleiða annað en tómata, agúrkur og papriku þ.e. blóm salat o.fl. Ekki er farið í djúpa greiningu og ekki mögulegt að skoða þætti niður á kr./kg vegna eðlis framleiðslunnar en þó er fróðlegt að skoða ákveðna hluti og síðan er greining niður á fermetra vel möguleg og upplýsandi.

5.1 Rekstrartölur (tafla 13):

	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Rekstrartölur							
Framlegðarstig afurðatekna	57%	10	65%	10	68%	10	6%
Framlegð heildartekna, kr.	155.690.835	10	200.122.752	10	204.469.492	10	2%
Framlegðarstig heildartekna	63%	10	68%	10	70%	10	3%
EBIDTA samtals, kr.	21.353.539	10	29.838.790	10	20.443.490	10	-31%
EBIDTA, hlutfall af veltu	1%	10	10%	10	10%	10	7%
Hagnaður/tap, kr.	9.753.086	10	15.980.611	10	6.917.783	10	-57%

Rekstrartölur sýna ákveðnar sveiflur í rekstrinum milli ára. Framlegð og framlegðarstig hækkar heldur milli árana 2023 og 2024. Meðalhagnaður eykst töluvert milli 2022 og 2023 en lækkar síðan mikið 2024.

5.2 Krónur á fermetra - greining (tafla 14):

	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Krónur á flatarmálseiningu							
Afurðatekjur kr/m ²	41.432	10	51.102	10	55.811	10	9%
Framlegð afurðatekna, kr/m ²	25.047	10	32.824	10	37.844	10	15%
Opinberar greiðslur, kr/m ²	3.651	10	3.987	10	2.904	10	-27%
Áburður og sáðvörur, kr/m ²	13.306	10	17.095	10	16.081	9	-6%
Breytilegur kostnaður alls kr/m ²	16.385	10	18.278	10	17.967	10	-2%
Laun og launatengd gjöld kr/m ²	14.540	9	17.230	10	17.850	10	4%
Fastur kostnaður samt. kr/m ²	25.479	10	33.987	10	36.893	10	9%
EBITDA samtals kr/m ²	4.871	10	5.059	10	5.825	10	15%
Fjármagnsliðir kr/m ²	975	10	1.772	10	1.670	10	-6%

Í töflu 14. eru ýmsar stærðir í rekstrinum hjá þessum hópi framleiðenda skoðaðar niður á fermetra með sama hætti og í annarri ylrækt sem er mjög upplýsandi nálgun og segir margt um þróunina á þessum 3 árum.

Eins og sést í töflunni þá eru 10 framleiðendur bak við meðaltalið á m² í flestum þáttum tekna og kostnaðar þannig að við erum að sjá nokkuð góða mælingu á þróun yfir þessi 3 ár.

EBITDA á hvern fermetra hækkar töluvert ár frá ári og nú síðast um 15%. Afurðatekjur hækka heldur á tímabilinu og framlegð afurðatekna einnig.

Opinberar greiðslur í kr./m² sem komu inn árið 2021 vegna breytinga á beingreiðslum, lækka árið 2024 þar sem ekki er um sprettgreiðslur að ræða það ár.

Breytilegur kostnaður lækkar um 2% milli árana 2023 og 2024 en fastur kostnaður hækkar um 9%. Laun hækka um 4% milli 2023 og 2024 sem er heldur minni hækkun en í öðrum greinum garðyrkjunnar.

Fjármagnskostnaður hækkaði mikið í kr./m² milli árana 2022 og 2023 en lækkar aftur 2024 en er þó ekki stór kostnaðarliður í þessu samhengi.

6 Greining á ylrækt í heild sinni

Hér á eftir er ylráktin skoðuð í heild sinni þvert á tegundir framleiðslu. Til þess að þetta sé eins samanburðarhæft og kostur er þá eru tekju- og kostnaðarliðir greindir niður á fermetra í gróðurhúsum með sama hætti og í greiningum hér á undan.

Þessi greining nær yfir þá 19 framleiðendur sem fjallað er um í ylráktarkafnanum og 11 til viðbótar sem flestir eru í blómarækt en einnig salati, kryddjurtum o.fl.

Fjöldi framleiðenda í hverri grein/tegund er ekki það mikill að verjandi sé að sýna hverja framleiðslutegund í samanburði við hinar. Aftur á móti þá munu virkir þátttakendur í verkefninu fá hver sína skýrslu sem sýnir m.a. samanburð við aðra í ylráktinni greint niður á fermetra og geta út frá því metið stöðuna nánar.

6.1 Ylráktin heild – kr./m² (tafla 15):

Krónur á flatarmálseiningu	2022		2023		2024		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'24/'23
Afurðatekjur kr/m ²	34.134	29	40.331	30	43.906	30	9%
Framlegð afurðatekna, kr/m ²	18.458	29	22.627	30	26.061	30	15%
Opinberar greiðslur, kr/m ²	6.332	29	7.473	30	6.513	30	-13%
Áburður og sáðvörur, kr/m ²	10.997	29	12.874	30	12.313	28	-4%
Breytilegur kostnaður al ls kr/m ²	15.841	29	17.885	30	18.016	30	1%
Laun og launatengd gjöld kr/m ²	16.308	27	18.448	29	20.996	29	14%
Fastur kostnaður samt. kr/m ²	27.078	29	33.643	30	38.600	30	15%
EBITDA samtals kr/m ²	5.815	29	5.103	30	4.823	30	-5%
Fjármagnsliðir kr/m ²	1.093	29	1.532	30	1.691	30	10%

Fróðlegt er að skoða þetta með þessu móti óháð tegundum og magni. Þessi nálgun kemst næst því að horfa á ylráktina alla út frá sömu forsendum.

EBITDA í heild lækkar ár frá ári og um 5% milli 2023 og 2024.

Hreinar afurðatekjur sem og framlegð afurðatekna hækka öll árin sem dugar þó ekki til að mæta hækkunum á föstum kostnaði, launa- og fjármagnskostnaði.

EBIDTA lækkar um 5% milli árana 2023 og 2024 sem staðfestir lakari afkomu í ylræktinni eins og komið hefur fram.

7 Garðyrkjan í heild – þróun afkomu

Í þessum kafla er skoðuð garðyrkjan í heild sinni þ.e. öll þau 48 bú sem eru í gagnasafninu öll viðmiðunarárin óháð því hvaða framleiðslu þau stunda. Hér er því um að ræða samtals tölur úr ársuppgjörum þessara framleiðenda þessi 5 ár. Þessir framleiðendur njóta um 90 % allra stuðningsgreiðslna í garðyrkju árin 2023 og 2024 þannig að um mjög stóran hluta greinarinnar er að ræða og tölurnar því marktækar eftir því.

7.1 Garðyrkjan í heild (tafla 16):

Greining á afkomu landbúnaðar 2020-2024

Ylrækt / Útiræktun grænmetis

Upphæðir (kr.)

	2020	2021	2022	2023	2024	Br.23-24
Afurðatekjur	4.585.437.231	5.268.261.795	5.843.727.512	6.875.802.739	7.250.766.460	5,5%
Ópinberar greiðslur	352.830.884	640.846.426	870.326.975	963.732.973	871.233.804	-9,6%
Aðrar tekjur	383.609.402	489.832.774	828.166.412	1.040.944.775	1.382.738.794	32,8%
Tekjur alls	5.321.877.517	6.398.940.995	7.542.220.899	8.880.480.487	9.504.739.058	7,0%
Breytilegur kostnaður	1.670.018.632	2.095.208.239	2.473.968.398	2.808.471.448	2.861.661.923	1,9%
Fastur kostnaður	1.211.585.457	1.506.769.290	1.637.687.244	2.038.884.008	2.379.035.364	16,7%
Laun og launatengd gjöld	1.828.360.814	2.012.376.015	2.374.011.456	2.838.866.114	3.142.405.164	10,7%
Afskriftir	307.419.969	338.261.712	374.511.876	336.407.518	327.635.925	-2,6%
Fjármagnsliðir	109.753.148	125.833.549	158.798.632	233.469.169	244.476.287	4,7%
Gjöld alls	5.127.138.019	6.078.448.805	7.018.977.605	8.256.098.257	8.955.214.662	8,5%
Hagnaður/Tap	194.739.498	320.492.190	523.243.294	624.382.230	549.524.396	-12,0%
Langtímaskuldir	1.525.186.475	1.871.050.370	2.170.294.806	2.049.675.007	2.430.245.859	18,6%
Skammtímaskuldir	1.563.419.238	1.334.619.527	1.460.662.910	1.390.385.310	1.774.904.230	27,7%
Heildarskuldir	3.088.605.713	3.205.669.897	3.630.957.716	3.440.060.317	4.205.150.090	22,2%
Skuldahlutfall af veltu	58,0%	50,1%	48,1%	38,7%	44,2%	14,2%
Hlutfall fjármagnskostnaðar af heildarveltu	2,1%	2,0%	2,1%	2,6%	2,6%	-2,2%
Hagnaður % af veltu	3,7%	5,0%	6,9%	7,0%	5,8%	-17,8%

Afurðatekjur hækka nokkuð jafnt og þétt á þessu árabili og á milli árana 2023 og 2024 um 5,5%.

Ópinberar greiðslur hækka mikið fram til 2023 en hafa ber í huga að niðurgreiðsla á raforku færir í beingreiðslur sem skýrir hækkun en kostnaður hækkar samsvarandi á móti. Eins hækka jarðræktargreiðslur í garðyrkju með breyttum reglum ásamt því að sprettgreiðslur ársins 2022 birtast í tölunum það ár. Nokkur lækkun er á milli árana 2023 og 2024 eða um 9,6% sem skýrist af því að ekki var um neinar sprettgreiðslur að ræða í garðyrkjunni 2024.

Aðrar tekjur sem í þessum geira eru að langmestu leyti af ferðaþjónustu lækka nokkuð á covid árunum en hækka aftur árið 2022 og enn meira árin á eftir.

Breytilegur kostnaður hækkar lítið milli 2023 og 2024 en fastur kostnaður mun meira eða um 16,7% sem að hluta skýrist m.a. af hækkun raforkuverðs. Laun hækka um 10,7% árið 2024 miðað við fyrra ár. Afskriftir lækka en fjármagnskostnaður hækkar um 4,7% árið 2024.

Heildarskuldir hækka töluvert árið 2024 sem og skuldahlutfall sem er 44,2% það ár.

Hagnaður sem hlutfall af veltu lækkar heldur 2024 og er 5,8% miðað við 7,5 % árið 2023 sem er það hæsta á þessu 5 ára tímabili.

Heilt yfir má segja að árið 2024 hafi verið sæmilegt í garðyrkjunni.

8 Niðurstaða og næstu skref

- Verkefni sem þetta er mjög mikilvægt fyrir greinina og afar jákvætt að mögulegt var að vinna áfram með gagnagrunninn í svipaðri stærð var með á síðasta ári. Ákveðið hefur verið að halda áfram á sömu braut og vonandi verður þetta hér eftir eitt af þeim verkefnum sem stöðugt eru í vinnslu. Það nýtist bæði sem stjórnþæki fyrir framleiðendur sem og upplýsingabanki um stöðu greinarinnar.
- Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróun í greininni vegna mikilvægi hennar í matvælaframleiðslu og matvælaöryggi þjóðarinnar sem og vegna markaðrar stefnu og aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftlagsmálum.
- Með gagnasafni af þessari stærð er hægt að skoða þróun í garðyrkjunni nokkuð vel.
- Verkefnið var útvíkkað að ákveðnu leiti fyrir tveimur árum og aðgengileg opinber gögn s.s. ársreikningar o.fl. tekin með inn í myndina þó svo að ekki væru allir framleiðendur formlegir þátttakendur. Með þessu hefur fengist mun betri grunnur undir greiningar og síðan er ekkert því til fyrirstöðu í framhaldinu að fleiri framleiðendur garðyrkjuafurða en nú er geti með virkri þátttöku fengið dýpri samanburðargreiningar.

Verkefnishópurinn telur mikilvægt að fylgja þessu verkefni eftir, fjölga virkum þátttakendum og þróa áfram aðferðarfræði og úrvinnslu.